

Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn 23. febrúar, var haldinn 138. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 16.32 Viðstödd voru: Margrét M Norðdal, Kristján Freyr Halldórsson, Örn Þórðarson, Svala Arnardóttir, Hrefna Guðmundsdóttir, Gissur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi og Tryggvi Scheving Thorsteinsson áheyrnarfulltrúi íbúasamtaka Hlíða. Þá sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Fram fer kynning á kortlagningu um heilsueflingu í hverfinu sem tengist verkefninu heilsueflandi Reykjavíkurborg

Sigríður Arndís Jóhannsdóttir og Þórólfur Jónsson taka sæti á fundi undir þessum lið.

2. Fram fer kynning á Bókmenntaborg, menningarmerkingar.

Margrét Þómar, Sigríður Arndís Jóhannsdóttir og Þórólfur Jónsson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Fram fer kynning á hraðaminnkun vestan Kringlumýrabrautar.

Sverrir Bollason tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð Hlíða þakkar fyrir kynningu á skýrslu um umferðahraða vestan Kringlumýrabrautar. Því ber að fagna að skoðað hefur verið hvernig auka megi öryggi íbúa, gera andrúmsloftið hreinna og draga úr hávaða. Þar að auki ríma þessar tillögur í skýrslunni við það sem íbúasamtökin í hverfinu hafa knúið á, meiri áherslu á blómstrandi mannlíf og minnkandi bílaumferð. Einnig hvetur Hverfisráð Hlíða til þess að farið verði í aðgerðir og breytingar sem þarf til þess að minnka hraða sem allra fyrst, enda skiptir það sköpum fyrir minni hljóð og loftmengun í hverfinu og eykur öryggi allra vegfarenda. Auk þess leggur Hverfisráð til að samhliða verði gerðar mælingar á umferð um hliðargötur sem mögulega fellur til.

4. Fram fer kynning á hjóltreiddaáætlun Reykjavíkurborgar 2015-2020.

Sverrir Bollason tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer umræða um stöðu mála við Háteigsskóla. Vísað til meðferðar framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

6. Fram fer umræða um styrki á vegum hverfisráðs Hlíða.

Fundi slitið kl. 18.35

Margrét M. Norðdahl

Hrefna Guðmundsdóttir
Svala Arnardóttir

Kristján Freyr Halldórsson
Örn Þórðarson